



Fundargerð

Dags.: 2025-03-17

Frá: Ragnar Guðmundsson
Dreifing: Sveitarstjórn

Efni: Vinnuhópur vegna hönnunarvinnu á útisvæði við Sundlaugina á Borg – Fundur nr. 2

Viðstaddir:

Ragnar Guðmundsson, ragnar@gogg.is
Björn Kristinn Pálmarsson, bjossiborg@gogg.is
Hans Guðmundur Magnússon, hansi@gogg.is
Karl Þorkelsson, ktverkefh@gmail.com
Fjóla Kristinsdóttir, fjola@gogg.is
Sigríður Magnúsdóttir, sm@tst.is
Hans-Olav Andersen, hoa@tst.is

Fundur settur 17. mars kl. 15:10 í stjórnsýsluhúsinu á Borg.

Á fundinn mættu arkitektar Íþróttamiðstöðvarinnar á Borg, Sigríður Magnúsdóttir og Hans-Olav Andersen.

Eftirfarandi var rætt:

- Farið var yfir niðurstöður notendakönnunar sem send var út fyrir áramót. Hönnuðir höfðu fengið þá könnun senda ásamt minnisblaði um niðurstöður.
- Farið var yfir markmið vinnuhóps um stækkun á útisvæði sundlaugarinnar og stöðu á verkinu.
- Farið var yfir hugmyndir um mögulega stækkun á svæðinu og nauðsyn þess að skipuleggja svæðið til framtíðar þannig að hægt sé að áfangaskipta mögulegum framkvæmdum.
- Hönnuðir munu koma með tillögur að framtíðaruppbyggingu á svæðinu og setja upp þrjár mögulegar tillögur. Rætt að nauðsynlegt sé að sjá heildaruppbyggingu til framtíðar í þessum tillögum.
- Ragnar sendir á hönnuði nauðsynlega grunna og teikningar fyrir vinnuna.
- Hönnuðir munu skila tillögum endanlega í byrjun hausts 2025 en munu vera í samskiptum við vinnuhóp í ferlinu.

Fundi slitið kl. 16:10 en þá var farin skoðunarferð í sundlaugina ásamt hönnuðum.

Fundargerð rituð af Ragnari Guðmundssyni